



2010-2011

Tónar eiga töframál - lokaskýrsla



Kaldo Kiis, verkefnisstjóri og
skólastjóri Tónlistarskóla
Dalvíkurbyggðar

Dagbjört Ásgeirsdóttir, fyrrverandi
skólastjóri Krílakots

Tónar eiga töframál

Lokaskýrsla

Nafn skóla: Leikskólinn Krílakot Dalvíkurbyggð
Nafn verkefnis: Tónar eiga töframál
Nafn verkefnisstjóra: Kaldo Kiis

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Nemendur:

- Að auka virkni og öryggi í söng, takt- og hrynæfingum.
- Að þjálfa virka hlustun.
- Að auka orðaförða með markvissri vinnu með söngtexta.
- Að auka getu barnanna í meðferð einfaldra hljóðfæra.
- Að efla einbeitingu barnanna.

Kennarar:

- Að auka þekkingu kennara á söng, takt- og hrynæfingum.
- Að auka öryggi kennara í tónlistarstarfi með börnum.
- Að auka öryggi kennara til enn frekari tónlistariðkunar í starfi sínu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Sú meginleið sem valin var til að ná markmiðum var að hafa einn kennara sem sá um kennsluna og að hvert barn fengi vikulega tónlistarkennslu í um 15 vikur í senn. Þuríður Sigurðardóttir, leikskólakennari, var fengin til að sjá um starfið. Hún hefur áralanga reynslu af leikskólakennslu,



Tónar eiga töframál - lokaskýrsla

er mikil áhugamanneskja um tónlist og óendanlegur brunnur af fróðleik um söng- og rythmaleiki, söngva, vísur o.s.frv. Það er skoðun okkar að í starfi sem þessu er ekki síður mikilvægt að viðkomandi kennari hafi góða þekkingu á þroska barna og reynslu af að vinna með börnum, eins og þekkingu á efninu; í þessu tilfelli tónlist. Þetta tvennt þarf að tóna saman svo úr verði innihaldsríkt og ekki síður skemmtilegt starf.

Eftir hvern tíma fyllti Þuríður út ákveðinn lista sem hafði verið sérstaklega útbúinn fyrir þetta verkefni. Listarnir voru gerðir m.t.t. virkni, áhuga og færni barnanna, í þeim tilgangi að skoða mætti þróun yfir lengri tíma hjá hverju barni eða hópnum í heild.

Það var misjafnt hversu mikið af hljóðfærum var til í þáttökuskólunum. Í Krílakoti var talsvert mikið til, en minna í leikskólunum Leikbæ og Kátakoti. Þess vegna var frá upphafi gert ráð fyrir því að kaupa inn hljóðfæri. Áhersla var á að kaupa einföld ásláttarhljóðfæri, eins og stafi, trommur o.þ.h.



Til að ný þekking um tónlistarstarf yrði til í starfsmannahópnum var lagt upp með að ávallt væri einn kennari með í tónlistarstundunum ásamt Þuríði. En tilgangurinn var sá að viðkomandi tæki virkan þátt og myndi þá smátt og smátt læra og þjálfra nýja færni. Einnig var haldið námskeiðið *Hring eftir hring*, fyrir allt starfsfólk. Þar kenndi tónlistarkennarinn Elfa Lilja Gísladóttir efni úr samnefndri bók sinni. Sú bók

var síðan keypt í alla þrjá leikskólana, en fyrir var hún til í tónlistarskólanum. Bókinni fylgja tvær geislaflötur og í henni er ógrynni af skemmtilegu og fjölbreyttu efni, svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Þuríður Sigurðardóttir, sem hefur sinnt tónlistarkennslunni, átti við veikindi að stríða vorið 2010 og varð það til þess að fella þurfti niður vorsönginn sem áætlaður var þann 7. maí. Ekki reyndist unnt að finna honum nýjan tíma. Í apríl 2010 fór Þuríður ásamt fleirum í ferð á vegum Comenius til Rúmeníu, en vegna eldgossins í Eyjafjallajökli tafðist heimkoma þeirra. Þessi atriði urðu til

Tónar eiga töframál - lokaskýrsla

Þess að einungis voru kenndar 12 vikur frá janúar til maí, í stað 15 eins og áætlað var. Að öðru leyti var verkefnið meira og minna unnið samkvæmt áætlun.

Þátttaka annarra kennara var e.t.v. ekki eins og best hefði verið á kosið. Á dögum þegar vantaði starfsfólk vegna veikinda eða leyfa var ekki alltaf unnt að hafa aðra kennara með Þuríði í tónlistarstundunum. Þetta varð til þess að aðrir kennarar þjálfuðust ekki eins vel og ætla mætti í tónlistarstarfinu með börnunum.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Í raun má segja að helsti styrkur verkefnisins var um leið helsti veikleiki þess. Einn kennari var fenginn til að sinna tónlistarkennslunni. Þetta er kennari sem bæði hefur þekkingu og reynslu af tónlistarstarfi, sem og áralanga reynslu og góða þekkingu á börnum á leikskólaaldri. Þegar einstaklingur sem hefur bæði færni og þekkingu á ákveðnu efni, eru meiri líkur á að unnið sé vel með efnið og að verkefnið nái flugi. Um leið er hins vegar hætt á því að ekki nái að virkja aðra kennara, t.d. þegar viðkomandi kennara vantar falli stundin niður eða aðrir kennarar frí sig ábyrgð á því að vinna með tiltekið efni. Að einhverju leyti má segja að það hafi gerst í verkefninu okkar; *Tónar eiga töframál* þannig að ekki tókst að virkja aðra kennara eins og vonir stóðu til um.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Strax og verkefnið hófst var greinilegt að bæði foreldrar og börn voru einstaklega ánægð og áhugasöm um það. Börnin hlökkðu til tónlistarstundanna og foreldrar sýndu verkefninu áhuga. Til lengri tíma litið teljum við að verkefnið skili sér í aukinni þekkingu og iðkun barna og unglunga í tónlistarstarfi og tónlistarnámi og verði hluti af þeirri tónlistarmenningu sem ríkir hér í

bæjarfélaginu. Í foreldrakönnun bæði árin sem verkefnið stóð yfir nefndu margir foreldrar verkefnið sem einn af styrkleikum skólans. Hluti foreldranna sagði líka að verkefnið skilaði sér heim, börnin tali um það og syngi samkvæmt viðfangsefnum tímanna.



Tónar eiga töframál - lokaskýrsla



Eitt sem kom skemmtilega á óvart var hversu góða og mikla æfingu börnin okkar hafa fengið í því að koma fram. Þau börn sem hafa verið þátttakendur í verkefninu hafa komið fram á sviði þrisvar yfir skólaárið og einnig má nefna að öll leikskólabörn í sveitarfélaginu koma fram á stóru sviði á setningu Fiskidags-hátíðarinnar. Við erum því farin að sjá ákveðna þróun hjá þeim börnum sem lengst hafa tekið þátt; þau eiga auðvelt með að koma fram á sviði, vita hvernig skal bera sig, eru einbeitt, róleg og syngja hátt og skýrt.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Við mat á verkefninu voru notaðir listar sem fylltir voru út eftir hverja tónlistarstund. Reglulegir fundir voru hjá verkefnisstjóra, leikskólastjóra ábyrgðarskólans og leikskólakennara sem sá um verkefnið. Með slíkri skráningu var unnt að fylgjast með virkni barnanna í tímum og hvort einhver breyting yrði. Gerðar voru spurningakannanir, annars vegar meðal foreldra og hins vegar meðal starfsfólks og kallað var eftir huglægu mati stjórnenda skólanna.

Niðurstöður verkefnisins

Í foreldrakönnuninum kom fram mikil ánægja foreldra með verkefnið en 95% foreldra sögðust vera nokkuð eða mjög ánægðir með verkefnið og tæp 63% töldu verkefnið hvetjandi fyrir frekara tónlistarnám. Þegar foreldrar voru spurðir um hvort verkefnið skilaði sér heim svöruðu 46,5% að börnin töluðu um tónlistartímana heima, 86% að börnin syngju heima, 30,2% að börnin byggju til tónlist heima og 32,6% sögðu að börnin hlökkuðu til tónlistartímana. 9,3% sögðu að ekkert af ofantöldu ætti við. Foreldrakannanir voru gerðar vorið 2010 og vorið 2011. Úr þeim má lesa örlítið jákvæðari svör árið 2010.

Jafnframt kom fram í könnunum að meðan á verkefninu stóð hafði söngur og notkun hljóðfæra ekki aukist meðal starfsfólks og frekar minnkað ef eitthvað var. 50% sögðust aldrei spila á hljóðfæri með börnunum og 28,6% sögðust gera það sjaldan. 28,6% sögðust gera það stundum en enginn sem svaraði starfsmannakönnuninni vori 2011 sagðist syngja eða nota hljóðfæri oft eða mjög oft með börnunum. Ítreka skal að aðeins um helmingur starfsfólks svaraði könnuninni eða samtals 14 manns.

Þegar lesið var úr skráningarblöðum um virkni barnanna má sjá að oft eykst hún eftir því sem líður á verkefnið og börnin tileinka sér frekar viðfangsefnið. Hins vegar hafði dagsform barnanna

Tónar eiga töframál - lokaskýrsla

líka mikil áhrif á það hvernig tímarnir gengu og talaði Þuríður um að það væri mjög áberandi í vinnunni.

Nokkur atriði sem Þuríður nefndi varðandi mat hennar á verkefninu voru:

- Ánægja og spenna barnanna yfir verkefninu.
- Börnin voru yfir höfuð mjög virk
- Börnin voru farin að koma með óskir um ákveðin viðfangsefni þegar leið á verkefnið, vitnuðu í það sem þau höfðu gert áður hjá Þuríði
- Það kom öðrum á óvart hvað þau voru tilbúin til að hlusta á klassíska tónlist. Þau höfðu gaman af henni sem og öðrum tónlistartegundum.
- Þau lærðu smátt og smátt hrynæfingarnar og þjálfuðust í taktinum, lærðu mismunandi texta.
- Gengið var lengra en að klappa bara samstöfur m.t.t. lestrarnáms
- Börnin æfðust mikið í hlustun
- Verkefnið varð hluti af skólanum hjá þeim, sum börnin náðu þremur árum í verkefninu.
- Áhuginn hjá mörgum hélst út í gegn, sumir áhugasamir strax í upphafi, aðrir síður en efldust þegar leið á verkefnið.
- Það mátti líka sjá hvernig dagsformið réði hvernig gekk í verkefninu frá degi til dags. Mismikill áhugi.
- Það þýðir ekki að bjóða öllum börnum upp á það sama, stundum þarf að klæðskerasauma efnið eftir því hvernig gengur með einbeitingu og áhuga.
- Var svolítið byggt upp í pörtum, það skemmtilegasta var gert síðast, það hélt best einbeitingunni að geyma það sem vinsælast var.



Það er því mat okkar að þau markmið verkefnisins sem snéru að börnunum hafi náðst en ekki hafi tekist nógu vel að ná þeim markmiðum sem snéru að starfsfólkinu og farið hefur verið í hugsanlegar ástæður þess hér að ofan.

Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?

Verkefnið heldur áfram allavega að sinni. Búið er að fá viðbótarfjármagn til að sinna kennslunni á haustönn 2011 og vilji þátttökuskólanna er að verkefnið verði hluti af námi leikskólabarna í Dalvíkurbyggð. Nokkur áherslubreyting verður á verkefninu þar sem allur kraftur verður lagður í það að virkja kennara í tónlistarstundunum með börnunum og draga úr því að verkefnið byggist upp eingöngu á einni manneskju. Þuríður mun áfram sinna tónlistarstundum með börnum en stefnan er á að hún verði hinum kennaranum fyrst og fremst ráðgefandi og leiðbeinandi og dragi sig í hlé eins og mögulegt er. Stefnt er á að vera búin að virkja kennarana í verkefninu um áramót þannig að verkefnið verði hluti af föstu starfi leikskóla sveitarfélagsins án viðbótarkostnaðar.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Verkefnið verður kynnt á heimasíðum skólanna sem og sveitarfélagsins. Kynning á verkefninu verður send til fjölmiðla í byrjun árs 2012. Einnig er ætlunin að kynna verkefnið með greinaskrifum í málgagni kennara; Skólavörðunni.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Eins og þegar hefur komið fram mun verkefnið halda áfram næstu mánuði með sérstakri áherslu á að virkja kennara þannig að ábyrgðin á tónlistarstarfinu dreifist á fleiri herðar.

Dalvík, 29. september 2011

Kaldo Kiis, verkefnisstjóri

Dagbjört Ásgeirsdóttir
Fyrirverandi skólastjóri Krílakots, ábyrgðarskóla